

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 25. júlí 1977

um menntun barna farandlaunþega

(77/486/EEB)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 49. gr.,

1. gr.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

Þessi tilskipun nær til barna sem eru skólaskyld samkvæmt lögum gistiríkisins og eru á framfæri launþega sem er ríkisborgari annars aðildarríkis ef þau eru búsett í aðildarríki þar sem sá ríkisborgari starfar eða hefur starfað sem launþegi.

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

2. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ályktun sinni frá 21. janúar 1974 um aðgerðaáætlun á sviði félagsmála ⁽³⁾, ákvað ráðið sem hluta af forgangsverkefnum sínum aðgerðir sem hafa það að markmiði að bæta skilyrði vegna frjálstra flutninga launþega einkum með tilliti til móttöku og til menntunar barna þeirra.

Aðildarríkjunum ber, í samræmi við aðstæður innanlands og réttarkerfi hvers ríkis, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja ókeypis kennslu, í því skyni að auðvelda fyrstu móttöku þeirra barna sem um getur í 1. gr., einkum kennslu — sem löguð er að sérþörfum þeirra — í opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum gistiríkisins.

Til þess að auðvelda þessum börnum aðlögun að menntaumhverfi og skólakerfi gistiríkisins, er mikilvægt að þau njóti viðeigandi kennslu meðal annars kennslu í tungumáli gistiríkisins.

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir vegna menntunar og sérmenntunar þeirra kennara sem eiga að sjá um þessa kennslu.

3. gr.

Gistiríkin skulu auk þess í samvinnu við upprunaríkin gera viðeigandi ráðstafanir til þess að efla kennslu fyrrnefndra barna í móðurmáli og menningu upprunaríkisins, með það fyrir augum fyrst og fremst að auðvelda þeim að hverfa aftur til upprunaríkisins ef til þess kemur.

Aðildarríkjunum ber, í samræmi við aðstæður innanlands og réttarkerfi hvers ríkis, og í samvinnu við upprunaríkin, að grípa til viðeigandi ráðstafana er hafa það að markmiði að efla, sem hluta af almennu námi, kennslu þeirra barna sem um getur í 1. gr. í móðurmáli og menningu upprunaríkisins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 280, 8. 12. 1975, bls. 48.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 45, 27. 2. 1976, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 13, 12. 2. 1974, bls. 1.

4. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari innan fjögurra ára frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkjunum ber einnig að tilkynna framkvæmdastjórninni um öll ákvæði í lögum eða öðrum stjórnsýslufyrirmælum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Eigi síðar en fimm árum eftir birtingu tilskipunar þessarar og með reglulegu millibili þaðan í frá að beiðni framkvæmdastjórnarinnar ber aðildarríkjunum að senda fram-

kvæmdastjórninni allar upplýsingar sem geta komið henni að gagni er hún gefur ráðinu skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júlí 1977.

Fyrir hönd ráðsins,

H. SIMONET

forseti.